

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins, Egils Þórs Jónssonar, Mörtu Guðjónsdóttur, Arnar Þórðarsonar og Björns Gíslasonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúa Flokks fólksins um umhverfismat vegna landfyllingar við Skerjafjörð

Borgarstjórn samþykkir að óska efir því við Skipulagsstofnun að láta framkvæma umhverfismat á fyrirhugaðri landfyllingu og sjóvarnargarði sem áætlað er að gera í Skerjafirði fyrir nýja byggð.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 28. júní tillögu að rammaskipulagi fyrir byggð í Nýja Skerjafirði. Í tillögunni er gert ráð fyrir byggð fyrir um 1.200 íbúðir, nýjum skóla, verslun og þjónustu. Rammaskipulagið tekur til landsvæðis sem er við enda neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli sem nú hefur verið lokað. Svæðið liggur að núverandi byggð í Skerjafirði og afmarkast af götunni Skeljanesi til vesturs en af öryggissvæði Reykjavíkurflugvallar til norðurs og austurs. Við suðurenda byggðarinnar er síðan strandlengja Skerjafjarðar. Rammaskipulaginu er ætlað að vera leiðarljós varðandi uppbyggingu þessa nýja hverfis á þróunarreit (Þ5) sem er skilgreindur í Aðalaskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í framhaldi af samþykkt skipulagsins verður hafist handa við deiliskipulag á einstökum reitum svæðisins en í kjölfar þess hefst uppbygging.

Í 1. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum segir um markmið laganna:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

Í umsögn Umhverfis og skipulagssviðs til Skipulagsstofnunar kemur fram að áætluð framkvæmd er á viðkvæmu náttúrusvæði með umtalsvert verndargildi og þar finnast vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2012. Skerjafjörður er metinn sem mikilvægt fuglasvæði og er eitt af náttúrusvæðum sem Náttúrufræðistofnun telur að skuli friðlýsa samkvæmt tillögum þeirra fyrir B-hluta náttúruminjaskrár sem er í undirbúningi hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stór hluti strandlínu Skerjafjarðar í Reykjavík er verndaður m.a. friðlýstur að hluta í Fossvogi en einnig undir hverfisvernd.